

Hvatningarverðlaun mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar

Vinnureglur

Veitt eru verðlaun fyrir þróunar- og nýbreytnistarf á sviði mannréttinda- og lýðræðismála fyrir verkefni sem þykja styðja við mannréttindavernd og lýðræðiseflingu.

1. Markmið hvatningarverðlaunanna er að:

- Veita starfstöðum borgarstofnanna, fyrirtækjum, einstaklingum eða samstarfsaðilum jákvæða hvatningu í starfi.
- Hvetja til og vekja athygli á því öflugra starfi sem fer fram á sviði mannréttinda- og lýðræðis í borginni.
- Stuðla að aukinni mannréttindavernd og lýðræðiseflingu í borginni og að allir fái notið mannréttinda og hafi aðgengi að lýðræðissamfélaginu.

2. Verðlaun eru veitt fyrir 1 til 3 verkefni og mun mannréttinda- og lýðræðisráð velja úr þeim sem fá tilnefningu.

- Auglýst er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar einu sinni á ári í byrjun apríl. Frestur til að skila inn tilnefningum er sex vikur.
- Tilnefningar skulu berast á netfangið mannrettindi@reykjavik.is, ásamt rökstuðningi.
- Almennungur, starfsmenn allra sviða Reykjavíkurborgar og samstarfsaðilar geta tilnefnt einstakling, starfsstað, hóp eða ákveðið verkefni.

3. Við val á verðlaunahafa skal skoða hvernig verkefnið fellur að neðangreindum markmiðum:

- Að um sé að ræða þróunar- og nýbreytniverkefni sem ekki telst hluti af daglegu starfi viðkomandi starfsstaðar.
- Að verkefnið sé hvatning til eftirbreytni og góðra verka bæði innan viðkomandi starfsstaðar og utan.
- Að um sé að ræða verkefni sem miða að því að allir fái notið mannréttinda, stuðli að því að allir hafi aðgengi að lýðræðissamfélaginu eða stuðli á annan hátt að lýðræðiseflingu í borginni.
- Leitast skal við að veita viðurkenningu fjölbreyttum verkefnum hverju sinni

4. Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals og fer afhending fram á Mannréttindadegi Reykjavíkurborgar 16. maí, ár hvert.

Samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 11. apríl 2019